

Ár 2014, miðvikudaginn 15. október kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 18:30 að Gauksmýri, Húnaþingi vestra.

**Mætt til fundar:** Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir.

**Dagskrá:**

1. Undirbúningur ársþings.
2. Bréf frá LL3 lögmenn Laugarvegi.
3. Minnisblað vegna ráðningar framkvæmdastjóra.

**Afgreiðslur:**

1. Farið yfir lokaundirbúning vegna ársþings. Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka atriði og skýrði stjórn frá stöðu mála.
2. Lagt fram bréf Láru V. Júlíusdóttur, LL3 lögmenn vegna uppsagnar Stefáns Haraldssonar. Stjórn SSNV tekur ekki afstöðu til erindisins en áréttar að byggt var á tillögum og upplýsingum frá fyrrverandi framkvæmdastjóra við þær skipulagsbreytingar sem ráðist var í.
3. Kynnt var minnisblað þar sem farið var yfir ráðningarferli framkvæmdastjóra SSNV. Stjórn samþykkir að kynna minnisblaðið fyrir nýrri stjórn.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 19:50.